

# Ársskýrsla 2017



---

Viðlagatrygging Íslands  
Hlíðarsmára  
201 Kópavogi  
Sími +354 575 3300  
[www.vidlagatrygging.is](http://www.vidlagatrygging.is)

---

Forsíðumynd: Botnssúlur í apríl 2018

## Frá framkvæmdastjóra

Það kemur mörgum á óvart hversu fjölbreytt verkefni Viðlagatryggingar Íslands (VTÍ) eru og hve mörg og sérhæfð verkefni þarf að leysa á hverju ári til að framfylgja lögum um stofnunina, stefnu stjórnar og öðrum kröfum sem gilda um eftirlitsskylda aðila.

Mikil áhersla er lögð á að nýta vel þann tíma sem gefst á milli atburða til að huga að framtíðarskipulagi og aðgerðum til að bæta þjónustu við viðskiptavinum þegar á reynir. Það er öllum ljóst að váttryggingastarfsemi er lítils virði ef ekki er tryggt að fjármagn sé til reiðu þegar tjónsatburðir eiga sér stað. Það eru því nokkrir þættir sem eru í sífelltri vinnslu hjá VTÍ, óháð því hvort tjónsatburðir eru að eiga sér stað eða ekki. Hugað er vandlega að meðferð þeirra fjármuna sem stofnunin aflar í formi iðgjalda af váttrygðum eignum. Vönduð áætlanagerð og eftirfylgni stjórnar með útgjöldum stofnunarinnar eru hluti af gæðakerfi VTÍ þar sem skráning og eftirlit er í samræmi við góða stjórnarhætti. Varsla þeirra fjármuna sem stofnunin hefur til umráða er einn af lykilþáttum í starfseminni og er þeim stýrt af fjórum eignastýringaraðilum og er eftirlit með stýringu er vel skipulagt. Allir eignastýrendur starfa á grundvelli sömu fjárfestingarstefnu en hver eignastýrandi hefur ákveðið svigrúm innan marka stefnunnar. Árangur eignastýrenda er því aðeins breytilegur en mat er lagt á frammistöðu þeirra í hverjum mánuði.

Þegar stórir tjónsatburðir eiga sér stað treystir VTÍ á endurtryggingasamninga við erlenda endurtryggjendur sem grundvallast á eigin áhættumati VTÍ og viðurkenndum aðferðum við mat á náttúruhamfaraáhættu.

Til þess að sinna þessum föstu verkefnum hefur VTÍ yfir að ráða öflugum hópi starfsmanna sem vinna sameiginlega að því að standa vörð um hagsmuni almennings og tryggja eins og hægt er

að unnt sé að standa við þær skuldbindingar sem gerðar eru með lögum nr. 55/1992 um Viðlagatryggingu Íslands.

Það er einnig mikilvægt að tryggja að lög, reglur og almennt skipulag stofnunarinnar sé ávallt í samræmi við bestu þekkingu og verklag á hverjum tíma. Það er því mikilvægt verkefni í kjarnastarfsemi VTÍ að yfirfara og endurskoða regluverk sem í gildi er og fylgja eftir úrbótum eins og hægt er.

Hugtakið "betur sjá augu en auga" er viðeigandi í starfsemi eins og VTÍ þar sem sérhæfingin er mikil og tiltölulega fáir aðilar sem hafa til að bera þá sérþekkingu sem þarf innanhúss. Því er teymisvinna innan og utan stofnunar mikilvæg til að fjölga þeim sem koma að ákvörðunum um verkefnaval og framkvæmd þeirra. Stjórn og endurskoðunarnefnd gegna mikilvægu hlutverki í að skapa stefnu í starfsemi stofnunarinnar innan þess lagaramma sem um hana gilda. Verkefni eru að miklu leyti unnin í samvinnu meðal starfsmanna og þess vandlega gætt að fleiri en einn komi að flestum verkefnum sem sinnt er innan VTÍ. Samstarf við önnur náttúruhamfaratryggingafélög í heiminum er einnig mikilvægt til að tryggja að VTÍ sé meðvitað um hvað er að gerast á þeim vettvangi og að nýta megi þekkingu sem skapast við úrvinnslu stórra náttúruhamfaraatburða annars staðar til framfara í þágu VTÍ.

Samstarf við önnur váttryggingafélög, vísindamenn, verkfræðistofur og aðrar opinberar stofnanir er einnig mikilvægt fyrir VTÍ í þeim tilgangi að vinna að stöðugum umbótum. Áhersla er lögð á samvinnu við eftirlitsaðila og er vel brugðist við ábendingum sem eru til þess fallnar að bæta rekstur VTÍ með einhverjum hætti.

Við þetta tækifæri vil ég þakka öllum sem lagt hafa sitt af mörkum til að bæta starfsemi VTÍ á liðnum árum.

Hulda Ragnheiður Árnadóttir

# Rekstrarreikningur

í þús. króna

	<b>2017</b>	<b>2016</b>
Iðgjöld ársins	2.751.705	2.645.254
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldtekjum	(478.098)	(486.126)
<b>Eigin iðgjöld</b>	<b>2.273.607</b>	<b>2.159.128</b>
Fjármunatekjur	2.150.235	15.845
Fjármagnstekjuskattur	(469.845)	(3.169)
<b>Fjárfestingatekjur</b>	<b>1.680.390</b>	<b>12.676</b>
<b>Heildartekjur</b>	<b>3.953.997</b>	<b>2.171.804</b>
Tjónakostnaður	(178.568)	4.950
Hluti endurtryggjenda í tjónakostnaði	(4.036)	(32.552)
<b>Eigin tjón</b>	<b>(182.604)</b>	<b>(27.602)</b>
Rekstrarkostnaður	(381.889)	(423.474)
Umboðslaun	(33.677)	(31.393)
<b>Heildargjöld</b>	<b>(598.170)</b>	<b>(454.867)</b>
<b>Heildarhagnaður ársins</b>	<b>3.355.827</b>	<b>1.689.335</b>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2017

í þús. króna

	2017	2016
<b>Eignir</b>		
Rekstrarfjármunir	5.846	6.643
Eignasafn í fjárvörslu	33.855.790	29.394.588
Endurtryggingaeignir	137.483	192.616
Viðskiptakröfur	521.996	493.362
Aðrar kröfur	2.066	4.496
Handbært fé	1.523.839	2.432.340
<b>Eignir samtals</b>	<b>36.047.020</b>	<b>32.514.542</b>
<b>Eigið fé</b>		
Varasjóður	4.270.135	4.270.135
Óráðstafað eigið fé	30.279.240	26.923.413
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>34.549.375</b>	<b>31.193.548</b>
<b>Skuldir</b>		
Vátryggingaskuld	975.071	1.012.707
Skattskuldbinding	475.778	270.382
Viðskiptaskuldir	20.452	20.477
Áfallinn kostnaður og fyrirfram innheimtar tekjur	26.344	26.931
<b>Skuldir samtals</b>	<b>1.497.645</b>	<b>1.330.497</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>36.047.020</b>	<b>32.524.045</b>

# Áhættustýring

Það er hlutverk **stjórnar** að setja áhættustefnu og taka stefnumarkandi ákvarðanir varðandi **framkvæmd áhættustýringar**. Stjórn þarf að tryggja að helstu áhættuþættir fái umræðu á fundum stjórnar auk þess að tryggja fylgni við ytri kröfur á grundvelli upplýsinga frá innri og ytri eftirlitsaðilum, endurskoðunarnefnd, framkvæmdastjóra og starfsfólki. Stjórn ber ábyrgð á því að **vakta áhættuþætti** í ytra umhverfi og koma þeim á framfæri við framkvæmdastjóra. Stjórn ætti að yfirfara allar upplýsingar frá eftirlitsaðilum og tryggja skilvirka upp-lýsingagjöf frá framkvæmdastjóra.

**Endurskoðunarnefnd** hefur eftirlit með framkvæmd áhættustefnu fyrir hönd stjórnar. Hún yfirfer **áhættur og viðmið í áhættumælingum** ásamt framkvæmd samhæðrar áhættustýringar. Hún upplýsir stjórn um mat sitt á því verklagi sem viðhaft er og gerir stjórn grein fyrir því, telji hún að einhverjir þættir krefjist sérstakrar skoðunar. Endurskoðunarnefnd sinnir **eftirliti með fylgni við stefnumarkandi ákvarðanir** fyrir hönd stjórnar.

**Framkvæmdastjóri** hefur það hlutverk að móta áhættustefnu í samræmi við ákvörðun stjórnar.

Hann fylgist með áhættuþáttum í ytra og innra umhverfi þannig að unnt reynist að **stýra áhættumælingum og framsetningu þeirra**.

Framkvæmdastjóri greinir niðurstöður og setur fram á skýran og greinandi hátt helstu upplýsingar í **skýrslu til stjórnar og endurskoðunarnefndar**. Hann skipuleggur áhættustýringu heildrænt í samræmi við vilja stjórnar og upplýsir um hvað betur megi fara í áhættustýringu. Hann hefur einnig þær skyldur að **upplýsa eftirlitsaðila** undanbragðalaust um allt sem máli skiptir í starfseminni.

**Starfsmenn** taka þátt í innleiðingu á verklagi í samræmi við stefnu stjórnar. Það tekur þátt í **mótun aðferðafræði við áhættustýringu** og í framhaldi af því í áhættumati og mælingum. Starfsfólk gætir hlutleysis við áhættumælingar og leggur sig fram um að **skrá og greina** á skipulagðan hátt upplýsingar um þær áhættur sem mældar eru. Starfsfólk upplýsir um **tækifæri til úrbóta** og fylgir eftir þeim ákvörðunum sem stjórn og framkvæmdastjóri taka í tengslum við áhættustýringu hjá VTÍ.

Á árinu 2017 hafa orðið miklar breytingar á **áhættustýringu Viðlaga-**

**tryggingar Íslands**, m.a. vegna breytinga á opinberum kröfum um áhættustýringu. VTÍ hefur þá sérstöðu meðal váttryggingafélaga á Íslandi að hún er **undanþegin Solvency II** sem er evrópskt regluverk frá EIOPA (European Insurance and Occupational Pensions Authority) sem er umgjörð um áhættustýringu váttryggingarfélaganna varðandi gjalþolskröfur og ýmsa útreikninga á áhættu félaganna. Samhliða innleiðingu á Solvency II var ákveðið að FME muni ekki gefa út tilmæli að eigin frumkvæði, heldur taka mið af þeim viðmiðunarreglum sem EIOPA hefur gefið út. Innleiðing á Solvency II gerði því að verkum að **leiðbeinandi tilmæli um áhættustýringu og starfssvið tryggingastærðfræðings** frá árinu 2014 voru felld úr gildi. Þau tilmæli voru stefnumarkandi fyrir áhættustýringu VTÍ og því var ástæða til að endurskipuleggja áhættustýringuna eftir að ljóst er að tilmælunum verður ekki haldið við. Stjórn VTÍ tók því ákvörðun á árinu 2017 um að **endurskoða áhættustefnuna** heildstætt og fól framkvæmdastjóra að leggja fram drög að nýrri stefnu sem byggir á aðferðafræði **COSO ERM** (Enterprise Risk Management) 2017.

Leiðbeiningum sem gefnar voru út með módeli **COSO** í júní 2016 var fylgt við gerð áhættustefnu VTÍ.

Við gerð áhættustefnunnar fékk hver og einn liður í stefnumótun og rekstrarmarkmiðum sérstakan kafla í stefnunni. Undir hverjum kafla er umfjöllun um meginatriði sem tryggja að stýringin uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til **samhæðrar áhættustýringar**.

Í kaflanum um **áhættustýringu og áhættumenningu** er fjallað um hvernig yfirsýn stjórnar yfir helstu áhættur er tryggð, umgjörð áhættustýringar skipulögð, viðmið sett um æskilega hegðun innan fyrirtækisins, tryggt að viðeigandi aðilar taki ábyrgð og sett fram áætlun um hvernig VTÍ laði til sín og viðhaldi langtímasterfsambandi við hæfileikaríka aðila.

Í kaflanum um **áhættu, stefnumótun og markmiðasetningu** er áhætta metin með hliðsjón af starfseminni, skilgreindur áhættuvilji, áhættumat framkvæmt á öðrum stefnum VTÍ og ásættanleg frávík frá væntri frammistöðu skilgreind.

Í kaflanum um **áhættu við framkvæmd verkefna** er fjallað um framkvæmd áhættumælinga og mælikvarða.



Þar er gerð grein fyrir því hvernig skuli **skilgreina og mæla** áhættur, hvernig skuli forgangsraða áhættum, til hvaða viðbragða skuli gripið og hvernig yfirsýn yfir áhættur skuli tryggð.

Í kaflanum um **áhættu, samskipti og skýrslugerð** eru kröfur um að við-

eigandi upplýsingar séu notaðar og hvernig skuli staðið að birtingu og miðlun upplýsinga úr áhættukerfum. Í kaflanum um **eftirlit og áhættumælingar** eru kröfur um vöktun marktækra breytinga sem verða í rekstrinum og samhæfða vöktun áhættustýringar.

# Áhættumening

Frá því að gæðastefna var innleidd árið 2011 hjá VTÍ hefur verið **áhersla á að til séu skriflegar stefnur, verklagsreglur, vinnulýsingar og gátlistar** fyrir flest þau störf sem unnin eru hjá VTÍ.

Það er ljóst að mannaflapörf mun aukast umtalsvert þegar til náttúruhamfara kemur og þá mun ekki gefast mikill tími til að kenna einstök verkefni með aðferðum sem kalla á mikinn mannafla til fræðslumála. Allt skipulag VTÍ byggir á því að nýtt starfsfólk sé nokkuð sjálfbjarga með að setja sig inn í þau verkefni sem inna þarf að hendi, á grundvelli þeirra skriflegu leiðbeininga sem liggja fyrir hjá VTÍ.

Stjórn hefur með dyggri forystu framkvæmdastjóra lagt áherslu á "**Tone at the top**" varðandi áhættumeningu og almennt lagt áherslu á góða stjórnarhætti. Áhættustefnan er sett af stjórn og á henni byggja þær skriflegu leiðbeiningar sem liggja fyrir í gæðakerfi stofnunarinnar. Sífelldar innri úttektir eru framkvæmdar til að ganga úr skugga um að virkni gæðakerfisins sé sú sem ætlast er til. Með því að halda utan um þær upplýsingar sem verða til í innri úttektum, er hægt að draga saman upplýsingar í skýrslur til stjórnar og eftirlitsaðila, þannig að hægt sé að meta hvort starfsemin **sé í samræmi stefnu stjórnar**. Til að hægt sé að setja raunhæf markmið varðandi áhættustýringu þarf að leggja mat á það hversu þroskuð áhættustýringarumgjörð VTÍ er,

með hliðsjón af stöðu annarra stofnana og fyrirtækja. Þetta er mikilvægt þegar settar eru fram áætlanir um framkvæmdina og hvaða áföngum skuli náð á hverjum tíma. Ef kröfur um framkvæmdina eru umfram eiginlega getu kerfisins, er hætta á því að það trufla eðlilegan þroska stofnunarinnar til að koma sér upp vel heppnaðri áhættustýringu til framtíðar.

Í bókinni **Fundamentals of Risk Management** eftir Paul Hopkin, er fjallað um þau viðmið sem gilda í áhættufræðum um mismunandi þroskastig fyrirtækja í áhættustýringu.

Í tilviki Viðlagatryggingar Íslands er um að ræða tiltölulega stutta áhættumeningarsögu. Fyrsta áhættustefnan var sett árið 2013 og byggði hún á leiðbeinandi tilmælum FME um áhættustýringu.

Staða	Einkenni
<b>1. Einfalt (Naive)</b> Fyrirtækið er ómeðvitað um þörf fyrir samhæfða áhættustýringu og skilur ekki ávinninginn af innleiðingu hennar	<b>Brotakennt (Fragmented)</b> Aðgerðir til áhættustýringar eru brotakenndar og miðast fyrst og fremst við að uppfylla ítrustu ytri kröfur s.s. varðandi öryggi á vinnustað.
<b>2. Nýliði (Novice)</b> Fyrirtækið er meðvitað um ávinninginn og viljinn er fyrir hendi, en er enn á fyrstu skrefum innleiðingarinnar.	<b>Skipulagt (Organized)</b> Aðgerðir eru fyrir hendi til að samræma áhættustýringu gagnvart ólíkum áhættum þó að innleiðing sé ekki að fullu komin til framkvæmda.
<b>3. Staðlað (Normalized)</b> Fyrirtækið hefur komið á samhæfðri áhættustýringu í öllum helstu þáttum starfseminnar en hefur ekki að fullu lokið innleiðingu.	<b>Áhrifaríkt (Influential)</b> Samhæðir áhættustýringarferlar hafa áhrif á allar helstu aðgerðir fyrirtækisins og áhættumeningu þess. Notkun áhættustýringar sem stjórnþækis er
<b>4. Þroskað (Natural)</b> Áhættuvitund innan fyrirtækisins er mikil og mikið frumkvæði einkennandi meðal starfsmanna í þáttum sem tengjast áhættustýringu.	<b>Leiðandi (Leading)</b> Umræða og umfjöllun um áhættu er veigamikill þáttur við ákvarðanatöku í rekstrinum. Fyrirtækið er fyrirmynd annarra fyrirtækja í áhættustýringu.

Four levels of risk maturity, úr Fundamentals of Risk Management e. Paul Hopkin. bls. 298



Frá þeim tíma hafa aðferðir við mælingar og skýrslugjöf smátt og smátt verið þróaðar þannig að þær uppfylli sem best þarfir VTÍ, en séu ekki eingöngu til að uppfylla ytri kröfur um áhættumælingar. Áherslur stjórnar og framkvæmdastjóra á áhættustýringu hafa **haft leiðandi áhrif** innan stofnunarinnar og gert það að verkum að allir starfsmenn eru meðvitaðir um áhættustefnuna og taka fullan þátt í að fylgja henni í sínum störfum.

**Fræðslumál** er mikilvægur þáttur í áhættumiðuðu starfsumhverfi og hafa starfsmenn og framkvæmdastjóri átt þess kost að afla sér nauðsynlegrar þekkingar til að viðhalda og bæta hæfni sína varðandi áhættustýringu.

Hluti af öflugri, samhæfðri áhættustýringu er **skráning frávíka**. Frávik eru samvisskusamlega skráð í allri starfsemi VTÍ. Áhersla er lögð á það í innra starfi VTÍ að sem flest sjónarmið þurfi að koma fram og að allar ábendingar um það sem betur megi fara séu vel þegnar.

Við mat á stöðu VTÍ á grundvelli þessara viðmiðana er því eðlilegt að miða við að áhættustýringin flokkist undir að vera "**stöðluð**", án þess að henni sé að fullu lokið og að einkenni hennar séu "**áhrifarík**" og áhættustýringarferlar hafi áhrif á allar aðgerðir stofnunarinnar.

## Aðaláhættur

Í kaflanum um **áhættu, stefnumótun og markmiðasetningu** er kveðið á um að meta skuli áhættu með hliðsjón af starfseminni. Það er gert til þess að tryggja að sú meginstarfsemi sem fram fer hjá VTÍ sé í öndvegi þegar mat er lagt á áhættur í starfseminni.

Stjórn og starfsfólk fjallaði um þessa þætti í aðdraganda að setningu nýrrar áhættustefnu og var niðurstaðan sú að þrjár þættir væru mikilvægastir í starfseminni.

Stofnunin er sett upp til þess að annast **meðferð tjónamála** í náttúruhamförum og því er útilokað annað en að sá þáttur sé fyrst upp talinn þegar litið er til meginþátta starfseminnar. Það eru þó tveir aðrir þættir sem eru forsenda þess að unnt sé að sinna meðferð tjónamála með þeim hætti sem stofnuninni er ætlað að gera. Það er annars vegar **varsla þeirra fjármuna sem stofnunin hefur yfir að ráða** og hins vegar er það **mat á áhættunni** og þær aðgerðir sem beitt er til að gera það sem hægt er, til að stofnunin standi af sér stærstu tjónsatburði sem orðið geta á Íslandi. Lagt var mat á aðaláhættur sem tengjast hverjum af þessum þremur þáttum og er gerð grein fyrir þeim í áhættustýringarskýrslu VTÍ.

Við **meðferð tjónamála** eru þrjár aðaláhættur sem tengjast rekstrinum; váttryggingaáhætta, rekstraráhætta og mótaðilaáhætta.

Við **stýringu eignasafnsins** eru einnig þrjár megintegundir af áhættum sem tengjast rekstrinum; mótaðilaáhætta, rekstraráhætta og markaðsáhætta.

Við **mat á tryggingafræðilegri áhættu** eru fjórar megintegundir af áhættum sem koma til skoðunar; váttrygginga-áhætta, mótaðilaáhætta, rekstraráhætta og markaðsáhætta.

Hver og ein aðaláhætta á síðan nokkrar undiráhættur.

**Dæmi um áhættur** sem koma til skoðunar hjá VTÍ er framboð af verktökum sem á þarf að halda í stórum tjónsatburðum, áhættudreifing eignasafnsins, ófullkomnir áhættuútreikningar og sviksemisáhætta.

Þær áhættur sem eru taldar upp hér að framan eru meðal þeirra áhættna sem fá mesta athygli stjórnar vegna eðlis þeirra. Upplýsingar um áhættumælingar til stjórnar fara fram með árlegri áhættuskýrslu. Endurskoðunarnefndin hefur mikilvægt hlutverk við framkvæmd áhættustýringar og upplýsir stjórn um mat sitt á áreiðanleika og efnistöfum í áhættumælingum og skýrslugerð.

# Áhættumat og endurtrygging áhættu

Að jafnaði verða **nokkrir atburðir á hverju ári** sem falla undir bótaskyldu VTÍ. Lang algengst er að um sé að ræða minniháttar atburði þar sem skemmdir verða á allt frá einni einstakri eign upp í nokkra tugi eigna. Atburðir þar sem tjón verður á hundruðum eða þúsundum eigna eru **mun sjaldgæfari**. Skilyrði þess að tjón falli undir bótaskyldu VTÍ er að þau séu af völdum eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða eða vatnsflóða eins og 4. gr. laga nr. 55/1992 kveður á um.

VTÍ notar margvíslegar aðferðir við mat á áhrifum vátryggingaratburða, bæði þeirra sem sem líklegt er að muni geta átt sér stað eða eru jafnvel yfirvofandi, en einnig er horft til stórra atburða sem geta átt sér stað þó árlegar líkur á þeim séu litlar. **Greining sviðsmynda** er mikilvægur hluti af áhættumati VTÍ. Í sumum tilvikum eru gerðar sviðsmyndir í kjölfar upplýsinga um líklega eða yfirvofandi atburði. Slíkar upplýsingar geta borist frá Veðurstofu Íslands eða frá öðrum sérfræðingum á sviði náttúruvár. VTÍ gerir gjarnan minnisblöð um niðurstöðu slíkra greininga. Sem dæmi má nefna nýlegt mat á mögulegum afleiðingum eldgoss í Örfæfajökli á váttryggðar eignir. Lagt var mat á mögulegan tjónskostnað VTÍ sem og aðra þætti eins og umfang tjónamats, fjölgun starfsfólks og aukna þörf á ýmsum aðföngum.

**Stjórn VTÍ er upplýst** um niðurstöður slíkra greininga og í flestum tilfellum eru **erlendir endurtryggjendur** upplýstir einnig, enda ratar umfjöllun um náttúruvá á Íslandi gjarnan í erlenda fjölmiðla. VTÍ hefur einnig greint ýmsa stóra sögulega atburði með hliðsjón af núverandi verðmæti og staðsetningu váttryggðra eigna.

**Núverandi viðbragðsáætlun VTÍ** byggir á níu sviðsmyndum sem tengjast jarðskjálftum, eldgosum, snjóflóðum og skriðuföllum. Greining sviðsmynda hefur þann ókost að oft er lítið vitað um líkur (tíðni) þeirra atburða sem unnið er með. Auk þess geta sviðsmyndir ekki gefið heildstæða mynd af áhættunni sem hver og ein

náttúruvá veldur, hvorki til lengri eða skemmri tíma. VTÍ hefur því lagt í umfagsmikla vinnu við gerð reiknilíkans sem byggir á viðurkenndum tölfræðilegum aðferðum. Árið 2011 lauk vinnu við fyrstu útgáfu af **tölfræðilegu jarðskjálftalíkani VTÍ**. Bæði innlendir og erlendir sérfræðingar komu að þeirri vinnu. Árið 2016 var líkanið uppfært í samstarfi við Háskóla Íslands, Veðurstofu Íslands og Aon Benfield, endurtryggingamiðlara VTÍ. Líkanið byggir á þremur megin þáttum:

- **Í fyrsta lagi** greiningu mældra og sögulegra jarðskjálfta allt aftur til ársins 1700, þar sem öllu landinu er skipt í 32 upptaksvæði með hliðsjón af stærð, staðsetningu og tíðni jarðskjálfta á hverju svæði.
- **Í öðru lagi** eru upplýsingar frá Þjóðskrá Íslands um allar vátryggðar húseignir settar í líkanið, meðal annars notkun, byggingarefni, staðsetning og váttryggingarfjárhæð. Auk þess eru upplýsingar um staðsetningu og virði lausarfjártrygginga frá váttryggingafélagunum notaðar í líkaninu.
- **Í þriðja lagi** er tjónnæmi húseigna og lausafjár metið og unnin svokölluð tjónaföll til að áætla hversu miklar skemmdir verða á húseignum og lausafé vegna þeirra skjálfta sem búast má við að geti orðið.

Mat á árlegu meðaltjóni og líklegum endurkomutíma stórra atburða eru meðal þeirra upplýsinga sem líkanið gefur. Niðurstöður reiknilíkansins eru **grundvöllur við mat á heildaráhættu VTÍ** vegna jarðskjálfta. Endurtryggingavernd og samningagerð VTÍ við endurtryggjendur byggir á þeim upplýsingum. Á árinu 2017 hófst vinna við áhættumat vegna eldgosa og mun sú vinna standa yfir næstu ár. Ætlunin er að gera reiknilíkan sem gefur heildstæðari mynd af áhættu vegna eldgosa og byggir ekki aðeins á greiningu einstakra sviðsmynda.


# Endurtryggingavernd vegna stórra tjónsatburða

Endurtryggingasamningar ársins 2017 eru þannig að **25 erlend endurtryggingafélög** eiga aðild að tveimur samningum. Hlutdeild þeirra í samningunum er á bilinu 0,5-25%. Iðgjöld og tjónabætur skiptast **í samræmi við aðild** að samningnum. Annar samningurinn er fyrir tjón á bilinu 10-25 milljarða og hinn fyrir tjón yfir 25 milljörðum, allt að 40 milljörðum.

Myndin hér til hliðar sýnir áætlaðan meðal endurkomutíma tjóna í árum. **Eigin áhætta** í endurtryggingar-samningum hefur verið 10 milljarðar frá árinu 2011, en ef hún hefði fylgt verðmæti váttryggðra eigna væri hún um 13,5 milljarðar. Sú **breyting varð á endurtryggingasamningum árið 2017** að öll tjón innan ársins, óháð tegundum safnast nú upp í eigin áhættu. **Áður þurfti einn einstakan atburð** til að telja upp í eigin áhættu áður en endurtryggingaverndin tæki við.

Þessi breyting bætti til muna stöðu VTÍ, ef að til þess kemur að margir atburðir myndu eiga sér stað sama árið. Eldgos sem myndi kosta sex milljarða og jarðskjálfti sem myndi kosta 13 milljarða **hefðu áður kostað VTÍ 16** milljarða og endurtryggjendur þrjá milljarða.

Líkur og umfang jarðskjálftatjóna 2016




Núverandi endurtryggingavernd er þannig að **VTÍ myndi bera 10 milljarða** og endurtryggjendur níu milljarða. Það er talsvert mikil óvissa í áhættu-útreikningum sem þessum, en í grófum dráttum má segja að búast megi við stærri en 10 milljarða atburði, af völdum jarðskjálfta, að meðaltali á **70-80 ára fresti**, stærri en 25 milljarða á um **230**

**ára fresti** og stærri en 40 milljarða á um **340 ára fresti**. Skv. 18. gr. laga nr. 55/1992 um Viðlagatryggingu Íslands er bótaábyrgð í einstökum atburði takmörkuð við 1% af samanlögðum váttryggingarfjárhæðum. Það jafngildir um 116 milljörðum króna miðað við váttryggingarfjárhæðir í gildi í árslok 2017.

# Virði váttryggðra eigna


Í árslok 2017 nam verðmæti váttryggðra húseigna, lausafjár og mannvirkja hjá Viðlagatryggingu Íslands **samtals 11.682** milljörðum króna. Þar af eru fasteignir um 71%, innbú og lausafé um 22% og veitur og önnur mannvirki um 7%. **Aukning verðmæta** á milli áráanna 2016 og 2017 var um **4,2% samanborið við 6%** aukningu á milli áráanna á undan.



# Skipting váttryggðra eigna

**Árleg iðgjöld af váttryggðum fasteignum og lausafé er 0,25‰** af váttryggingarfjárhæð. Váttryggingafélög annast innheimtu iðgjalda af fasteignum og váttryggðu lausafé, samhliða innheimtu iðgjalda fyrir brunatryggingar.

**Árleg iðgjöld af váttryggðum opinberum mannvirkjum er 0,20‰** af váttryggingarfjárhæð. Viðlagatrygging Íslands annast álagningu og innheimtu iðgjalda vegna opinberra mannvirkja. Hér má sjá hvernig váttryggingaverðmæti skiptist á milli fasteigna, lausafjár og opinberra mannvirkja.



## Tjónamál á árinu 2017

Alls bárust **42 tilkynningar** vegna **sex minniháttar atburða** sem urðu á árinu 2017 og falla undir váttryggingavernd VTÍ. Í febrúar varð vatnsflóð í Steinavötnum sem olli tjóni á ljósleiðara. Í júní urðu bæði vatnsflóð og aurflóð á Austfjörðum og bárust alls 31 tilkynning vegna þeirra. Vatnsflóð varð á Austur- og Suðausturlandi í september þar sem **stærsta einstaka eignatjónið** varð á brú í eigu Vegagerðarinnar en alls bárust sjö tilkynningar vegna þess atburðar. Í nóvember varð vatnsflóð sem olli tjóni á einni eign í Skagafirði og í október varð jarðskjálfti að stærðinni 4.1M í Flóahreppi en ekki er talið að þar hafi verið um að ræða bótaskyld tjón, þó tvær tilkynningar hafi borist þaðan. Þrátt fyrir að nú séu að verða **liðin 10 ár** frá jarðskjálftanum á Suðurlandi sem varð þann 29. maí 2008 **bárust 11 tilkynningar um tjón vegna hans á árinu 2017**. 10 ára frestur til að tilkynna tjón nær einungis til tjóna sem tjónþola mátti ekki vera ljóst að hafi orðið, eða m.ö.o. til **dulinna tjóna**. Ein tilkynning vegna tjóns sem varð á árinu 2017 barst árið 2018. Afgreiðslu allra mála sem tilkynnt voru á árinu 2017 og fyrr er lokið að frátöldum fjórum málum sem enn eru til meðferðar. Tjónstilkynningar sem leiddu til greiðslu tjónabóta á árinu voru alls 37

og **heilðarfjárhæð útborgaðra tjónabóta** vegna tjóna á árinu 2017 voru **kr. 197.480.975**. Stærsta einstaka tjónið varð á brúnni yfir Steinavötn, en hún var ekki talin viðgerðarhæf. Því var váttryggingarverðmæti greitt að fullu að frádregnum afskriftum.

Sá tími sem tekur að afgreiða hefðbundin tjónamál hefur verið að stytast með tilkomu rafræns tjónstilkynningakerfis sem heldur utan um tjónið frá tilkynningu til útborgunar tjóns. Þeir sem þess óska geta áfram verið í pappírssamskiptum við VTÍ, en tilkynningin þarf að berast rafrænt. Starfsmenn í þjónustuveri hafa aðstoðað tjónþola við að skila inn tilkynningum þegar á hefur þurft að halda. Markvisst hefur verið unnið að því að **stytta málsmeðferðartíma** tjóna með góðum árangri. Í þeim tilvikum sem málsmeðferðartími hefur verið lengri en viðmið VTÍ gera ráð fyrir hafa **utanaðkomandi þættir** haft áhrif þar á, s.s tafir á upplýsingum frá eigendum, tafir á upplýsingum um endanlegt tjón, t.d. þar sem þarf að þurrka hús og innbú eftir flóð, en einnig geta mál tafist ef ágreiningur skapast um bótafjárhæðir.



Brúin yfir Steinavötn (mynd frá Vegagerðinni)

# Stjórn og starfsfólk Viðlagatryggingar Íslands

**Stjórn VTÍ** er skipuð fimm einstaklingum. Þrír eru kosnir af Alþingi. Vátryggingafélög sem innheimta iðgjöld (SFF) tilnefna einn stjórnarmann en efnahags- og viðskiptaráðherra skipar formann. Stjórnarmenn eru skipaðir til fjögurra ára í senn. Stjórnina skipa: Sigurður Kári Kristjánsson, stjórnarformaður, Lína Björg Tryggvadóttir, varaformaður, Adolf Guðmundsson, Vigdís Halldórsdóttir og Ragnar Þorgeirsson.

**Varamenn** í stjórn eru Erna Jónsdóttir, Steinar Harðarsson, Kristín Hálfhánsdóttir, Bjarney Rut Jensdóttir og Jóna Björk Guðnadóttir.

Skipunartími stjórnar er **frá 30. júní 2015 – 29. júní 2019**

**Endurskoðunarnefnd** Viðlagatryggingar Íslands skipa Sigurður Þórðarson formaður, Ragnar Þorgeirsson og Steinunn Guðjónsdóttir.

Stjórn heldur að jafnaði fundi einu sinni í mánuði á skrifstofu Viðlagatryggingar Íslands í Hlíðarsmára 14 í Kópavogi. Stjórnin fundar með endurskoðunarnefnd a.m.k. einu sinni á ári í tengslum við gerð ársreiknings og til að staðfesta álit endurskoðunarnefndar á innra eftirliti og áhættustýringu.

Fastir starfsmenn á skrifstofu VTÍ eru að jafnaði fimm þegar ekki eru stórir tjónsatburðir í vinnslu. Miðað er við að sinna kjarnastarfsemi með föstu starfsfólki en ráða inn starfsfólk og verktaka til tímabundinna starfa þegar álag eykst um lengri eða skemmri tíma vegna vátryggingaratburða.

**Framkvæmdastjóri** Viðlagatryggingar Íslands frá árinu 2010 er Hulda Ragnheiður Árnadóttir. Aðrir starfsmenn eru Halldór Frímannsson, lögfræðingur, Jón Örvar Bjarnason verkfræðingur, Jónína Pálsdóttir bókarari og Tinna Hallbergsdóttir gæðafulltrúi.



Starfsfólk Viðlagatryggingar Íslands, f.v. Halldór Frímannsson, Hulda Ragnheiður Árnadóttir, Jón Örvar Bjarnason, Tinna Hallbergsdóttir og Jónína Pálsdóttir

